



Fyrirspurn HK um nýtt Led skilti við hringtorg við Nýbýlaveg, Kársnesbraut og Hafnarfjarðarveg

Dags 11.11.2022

Minnisblað skipulagsdeildar

Í fyrirspurn frá Handknattleiksfélags Kópavogs (HK) dags 19.09.2022 er beðið um afstöðu skipulagsdeildar um uppsetningu á LED auglýsingastandi í bæjarlandi við hringtorg við Nýbýlaveg og Kársnesbraut.



Fram kemur í fyrirspurn að ljósmagni verður stýrt á rafrænan máta í samræmi við ljósmagn í umhverfinu hverju sinni. Skiltið verður með mesta mögulega ljósmagn u.þ.b. 9.000 nits og verður stýrt í gegnum 4g búnað. Hver skjár verður tengdur við birtunema sem stýrir ljósmagni skjásins við misunandi birtustig umhverfisins. Einnig verður hverjum skjá stýrt af tölvu sem er þannig stillt að ef um bilun verður að ræða fer skjárinn sjálfkrafa á 4% stillingu, en það magn er að gefa u.þ.b. 300 candelar pr. m2.



Umsagnir

Skipulagsdeild hefur óskað eftir umsögnum frá Vegagerðinni og deildarstjóra gatnadeildar um uppsetningu á stafrænu auglýsingaskilti á bæjarlandi við Hafnarfjarðarveg. Sjá viðhengi 1 og 2.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að stefna Vegagerðarinnar sé að stuðla að öruggum samgöngum þar sem öryggi einstaklinga er forgangsatriði. Stafrænt auglýsingaskilti kunni að draga úr umferðaröryggi.

Bent er á að 90. gr. umferðarlaga tilgreinir að þar sem veghaldari hefur heimild til að hafa umsóknum um uppsetningu á auglýsingaskiltum sem beint er að vegi Veghaldara. Vegagerðin samþykkir ekki breytingu flettiskiltis í stafrænt skilti við Hafnarfjarðarveg þar sem breytingin er til þess falinn að fanga athugli ökumanna og kann að draga úr umferðaröryggi.

Deildarstjóri gatnadeildar bendir á eftirfarandi atriði:

- Götuljósastrengur liggur í kanti stígarins. Óheimilt er að tengja ljósaskiltið við götuljósastrenginn og þyrfti að leggja nýjan rafstreng að skiltinu.
- Gera skal ráð fyrir að hægt verði að breikka stíginn um 2,5 m í átt að Nýbýlavegi í framtíðinni. Föst mannvirki mega ekki standa nær stíg en 1 m. Fjarlægð frá núverandi stíg má því ekki vera minni en 3,5 m.
- Engin aðkoma yrði að skiltinu til viðhalds öðruvísi en fótgangandi. Ekki er heimilt að nýta göngustíg sem aðkomueið að skiltinu.
- Ekki er hægt að mæla með að auglýsingaskilti snúi til suðausturs í átt að hringtorgi á Nýbýlavegi þar sem það myndi draga athygli ökumanna frá akstri um hringtorgið og draga úr umferðaröryggi. Athygli ökumanna þarf að vera óskipt þegar ekið er um hringtorg
- Óvissa er um fyrirkomulag Borgarlínu á norður-/suðurlegg og ekki er hægt að útiloka að gera þurfi breytingar á götum og stígum á þessu svæði til að rýma fyrir sérrými almenningssamgangna

Sambærilegt skilti við Breiddina

Nýverið samþykkti skipulagsráð á fundi 4. apríl 2022 að veita HK byggingarleyfi fyrir sambærilegu Led skilti norð-vestan við gatnamót Nýbýlavegar og Reykjanesbraut, við enda Skemmuvegar 4A, 32 og 46. Veitt var leyfi fyrir að breyta tveimur flötum á fléttiskilti við Breiddina í ljósaskilti. Fletirnir snúa til norð-austurs og til suð-austurs en skiltið hefur þrjá fleti.





Umferðaröryggi

Ljóst er að auglýsingaskilti við gatnamót hafa áhrif á viðbragðs- og stöðvunartíma ökumanna. Ökumenn horfa meira og lengur á LED-auglýsingaskilti heldur en önnur umferðar- og auglýsingaskilti. Töluvert tíðara og lengra áhorf er ef hreyfimyndir eða myndband er sýnt á skjánum leiðir til enn minni viðbragðstíma á gatnamótum og/eða hringtorgum.

Umhverfi og ásynd

Í borgum og bæjum eru oft margir sem keppast um sýnileika og það er nauðsýnlegt að gæta jafnvægis á milli sýnileika einstakra skilta og heildarsýnar á hið byggða umhverfi. Skilti þurfa falla vel inn í heildarmynd þess rýmis sem þau eru hluti af og auka jákvæða upplifun svæðisins.

Ennfremur myndi auglýsingaskiltið vera staðsett í um 105 metra fjarlægð frá íbúðablokk í Lundi 5 og gæti haft íþyngjandi áhrif á íbúðir sem snúa að skiltinu.

Niðurstaða

Eins og fram hefur komið hafa borist neikvæðar umsagnir við nýju Led auglýsingaskilti á gatnamótum Nýbýlavegar og Kársnesbrautar, bæði frá deildarstjóra Gatnadeildar og Vegagerðinni.

Rannsóknir sýna að Led auglýsingaskilti hafa áhrif á umferðaröryggi vegfarenda og hafa áhrif á viðbragðs- og stöðvunartíma ökumanna.

Það er mat skipulagsdeildar að staðsetning skiltisins við sveitafélagsmörk við Hafnarfjarðarveginn myndi hafa áhrif ásynd Kópavogsbæjar útávið.

Skipulagsdeild lítur neikvætt á framlagða fyrirspurn